

Reykjalundur endurhæfing ehf.

52. fundur stjórnar 20. ágúst 2024 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru; Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri.

Fundarritari :Arna Harðardóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð nr. 51 frá 25.júní, 2024 samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla um helstu atriði í starfseminni, kynning frá forstjóra

Pétur Magnússon, forstjóri segir frá starfseminni í sumar. Verið að innleiða nýtt bókhaldskerfi, Business central. Helsta breytingin er rafrænt samþykki reikninga. Fjármálastjórinn að breyta uppsetningu á áætlun. Mikilbreyting til góðs eftir ráðningu tæknimanns. SÍBS ætlar að fara í símasöfnun í haust og á eftir að ákveða hvað á að gera við ágóðann. Ekki mikið gerst í húsnæðismálum í sumar. Búið að senda inn beiðni til heilbrigðisráðuneytis um færanlegar skrifstofueiningar. Vinnuhópur í heilbrigðisráðuneytinu um húsnæðismál endurhæfingarstofnana. Nauðsynlegt að stofna bygginganefnd og ráða verkefnastjóra. Hugmynd að athuga samstarf NLSH. Formlegt bréf sent til NLSH og þeir eru jákvæðir um samstarf.

3. Fundur formanns stjórnar og forstjóra með stjórn SÍBS 20. ágúst.

Á fundinum með stjórninni munu fulltrúar Reykjalundar fara yfir eftirfarandi atriði:

- Kynning á stefnumótun og áherslum í starfi Reykjalundar.
- Samningamál Reykjalundar og SÍBS við Sjúkratryggingar.
- Húsnæðismál – staða mál og næstu skref.

4. Önnur mál.

- Myndataka af stjórn.
- 80 ára afmæli Reykjalundar 2025. Saga Reykjalundar verður gefin út haustið 2025. Verið að undirbúa afmælisráðstefnu í kringum afmælisdag Reykjalundar, 1.febrúar. Stofna hóp til að skipuleggja afmælisárið.
- Dagsetning funda í vetur. Ákveðið annan mánudag í mánuði kl 8:15-9:45

Fundi slitið kl 9:30

Næsti fundur stjórnar: 9.september, kl 8:15-9:45.

Aldís Stefánsdóttir
Aldís St.
Gunnar Ármannsson
Arna Harðardóttir